

Aðalfundur Foreldrafélags Hrafnagilsskóla (FFH)

haldinn fimmtudaginn 28. september 2017 kl. 20:30 í Hrafnagilsskóla.

25 manns mættir, fundargerð ritar Auður Thorberg

1. Ingibjörg Ósk Pétursdóttir kosin fundarstjóri

2. Skýrsla formanns; Sigríðar Hrefnu Pálsdóttur

Viðburðir frá síðasta aðalfundi (20. sept 2016)

- Vinnudagur í Aldísarlundi, efni keypt fyrir styrk NO selflutt upp í lundinn – 9. október 2016
- Bekkjarfulltrúafundur – 9. nóvember 2016
- Jólafondur fyrir allan skólann – 26. nóvember 2016
- Íbúafundur fyrir foreldra í Eyjafjarðarsveit 14. mars 2017
- Vinnudagur í Aldísarlundi, súlur reistar og byrjað að klæða – 2. apríl 2017
- Vinnudagur í Aldísarlundi, klæðningarvinna – 13. apríl 2017
- Fundað nokkrum sinnum vegna skólalóðir, tvisvar með framkvæmdaráði Esveitar 31. mars 2017 og 14. september síðastliðinn – tillögur með hugmyndum skilað inn í lok ágúst.

Dagskrá skólaárs 2017-2018 – fastir liðir

- Bekkjarfulltrúafundur í nóvember, nánari dagsetning auglýst síðar
- Jólafondur – 2. desember
- Fræðsluerindi feb/mars 2018
- Fylgja skólalóðamálum eftir

3. Skýrsla gjaldkera; Guðrúnar Harðardóttur, tekjur umfram gjöld 65.156,- reikningar samþykktir

4. Kosning stjórnar; Auður Thorberg Jónasdóttir og Guðrún Harðardóttir eru að hætta og í staðinn voru kosnar Ingibjörg Ósk Pétursdóttir og Elín Halldórsdóttir. Formaður þakkaði fráfarandi stjórnarnmeðlimum gott samstarf og bauð nýja velkomna.

5. Kaffihlé, veglegum veitingum voru gerð góð skil

6. Jón Stefánsson oddviti sveitarstjórnar mætti og kynnti fyrirhugaða uppbyggingu á skólalóð. Ekki fyrirhugaðar neinar úrbætur í haust en vonandi á vormánuðum, fjörugar umræður sköpuðust um kosti og galla mismunandi leiktækja, afkastagetu, hættur og kostnað.

7. Önnur mál; skólastjóri hrósaði stjórninni, fólk vildi annan íbúafund á þessu skólaári og ræddi um þann sem haldinn var í mars.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:45